

LANDSSAMBAND HESTAMANNAFÉLAGA

BÆNDAHÖLL · 107 REYKJAVÍK · S: 91-29899 og 19200 · NNR. 5978—8922.



Stofnað 1949

1. fundur nýkjörinnar stjórnar L.H. haldinn í Bændahöll 20. nóvember 1992.

Eftirtaldir stjórnarmenn voru mættir:

Aðalmenn: Guðmundur Jónsson, Guðbrandur Kjartansson, Sigfús Guðmundsson, Halldór Gunnarsson, Jón Bergsson, Sigbjörn Björnsson boðaði forföll. Kristmundur Halldórsson kom síðar.
Varamenn: Marteinn Valdimarsson, Kolbrún Kristjánsdóttir, Águst Oddsson, Sigurgeir Bárðarson.
Fundinn sat einnig Sigurður Þórhallsson framkv.stj. L.H.

Formaður L.H. setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

1. **Stjórn L.H. skiptir með sér verkum.**

Formaður var kjörinn á þingi L.H. á Flúðum, Guðmundur Jónsson. varaformaður var einnig kjörinn á þingi L.H. Guðbrandur Kjartansson. Á þessum fyrsta fundi nýrrar stjórnar var stungið upp á gjaldkera L.H. Sigfúsi Guðmundssyni og ritara Halldóri Gunnarssyni. Þeir voru báðir samþykktir.

2. Formaður tók til umræðu nýútgefna samþykkt um búfjárhald í Kópavogsbæ sem m.a. snertir hestamenn verulega. Stjórn L.H. mun taka þetta mál upp innan samtakanna, kynna það og leita leiða til þess að hestamennd almennt lendi ekki í vandræðum með starfsemi hestamannafélaga vegna slíkra samþykktta sveitarfélaga. Umræður urðu nokkrar um þetta mál og lýstu fundarmenn áhyggjum vegna þessa.

3. **Farið yfir ályktanir 43. ársþings.** Eftirfarandi var tekið til afgreiðslu á fundinum.

Pingskjal nr. 10 er varðar notkun reiðhjálma. Stjórnin samþykkti að senda þessa ályktun þingsins til allra hestamannafélaganna og hvetja þau til þess að beita sér fyrir notkun reiðhjálma hvert á sínu svæði.

Stjórnin skipaði eftirtalda menn í lyfjanefnd L.H.:

Guðbrand Kjartansson form..

Kristmund Halldórsson og Þór Sigþórsson.

Þá mun HÍS skipa úr sínum röðum 2 fulltrúa í nefndina. Þessi nefnd er milliþinganefnd og ber henni að fylgjast með þróun mála varðandi lyfjaeftirlit og vera ráðgefandi um framkvæmd þess á mótum (lands-og fjórðungsmótum). **Pingskjal nr. 15** fjallar um að L.H. láti semja námskrá í reiðkennslu. Miklar umræður urðu um þetta mál. Ljóst er að töluverður kostnaður fylgir því að semja námskrá í reiðkennslu.

Fundurinn ákvað að fresta þessu máli til næsta fundar. Fyrirhugað er að stjórnin skipi nefnd til þess að taka þetta til meðferðar.

Pingskjal nr. 23 varðar breytingar á 4. gr. reglna um gæðinga og unglingsadómara. Pessum tillögum vísar stjórn L.H. til Dómarafélags L.H. Eftirtalin þingskjöl voru rædd.

Pingskjal nr. 16 sem kveður á um keppnisrétt í unginga og gæðingakeppni vegna hrossa í eigu hrossabús og/eða ræktunarsambanda.

Pingskjal nr. 22 er varðar tölvuvæðingu gæðingadóma á stórmótum. Stjórnin skipaði eftirtalda menn í millibinganefnd til þess að útfæra þessi mál. Eftirtaldir voru skipaðir:

Ólafur H. Einarsson og Kristján Auðunsson. Dómarafélag L.H. tilnefnir einn mann í nefndina og skal hann vera formaður.

Pingkjal nr. 26 fjallar um að stjórn L.H. skipi millibinganefnd sem hafi það verkefni að huga að breytingum á keppnisfyrirkomulagi íslenska gæðingsins. Stjórnin ákvað að þessi tillaga fari til unginga og gæðinga keppnisnefndar.

Pingskjal nr. 27 fjallar um veðmálastarfsemi og lagabreytingar þar að lútandi.

Pingskjal nr. 9 fjallar um að stjórn L.H. beiti sér fyrir því eftir því sem kostur er að gömlum reiðgötum sé haldið opnum og fá opnaðar eldri götur sem lokað hefur verið. Þessi tillaga fer til ferða- og umhverfismálanefndar.

Pingskjal nr. 28 fjallar um að ráða tæknimenntaðan starfskraft. Verksvið hans verði að vinna úr þeim gögnum um reiðvegi landsins sem nú liggja fyrir og afla nýrra upplýsinga ef þurfa þykir. Til að fylgja þessu máli fast eftir tilnefnir stjórnin eftirfarandi menn:

Guðmund Jónsson, Guðbrand Kjartansson og Kristmund Halldórsson. Þessi þriggja manna vinnuhópur vinni enn fremur að því að kynna stjórnvöldum óskir hestamanna varðandi reiðvegagerð í landinu.

Pingskjal nr. 31 fjallar um sölu Stóðhestastöðvar ríkisins. Þing L.H. að Flúðum skorar á landbúnaðarráðherra að beita sér gegn slíkum áformum. Þessi ályktun sendist landbúnaðarráðuneytinu.

Pingskjal nr. 30 fjallar um að Framleiðnisjóður landbúnaðarins styrki Stóðhestastöð ríkisins með myndarlegu fjárfram lagi til að ljúka byggingu hennar. Þessi ályktun sendist Framleiðnisjóði.

Nokkur önnur þingskjöl voru tekin til umfjöllunar og afgreiðslu en ekki frekar færð til bókar.

4. Formaður hóf umræðu um **Hestinn okkar**. Samkvæmt lögum L.H. ber samtökunum að gefa út tímarit. Fram kom að nokkrir aðilar hafa sýnt því áhuga að gega út Hestinn okkar.

Formaður las yfir samning um útgáfu Hestsins okkar sem gerður var 31. janúar 1990 við Þráinn Bertelssn Nýtt líf. Nokkrar umræður urðu um þessa blaðaútgáfu og var ákveðið að stjórnin tilnefndi eftirtalda úr sínum hópi til að undirbúa þetta mál fyrir næsta fund stjórnar. Þessi voru tilnefndir:

Guðmundur Jónsson, Guðbrandur Kjartansson og Sigrús Guðmundsson.

5. **Samstarf L.H. og HÍS** var tekið til umfjöllunar. Rætt var um að gera nýjan samning um rekstur skrifstofunnar í Bændahöllinni og fleira er varðar samstarf og samvinnu þesara tveggja samtaka.

Fundurinn ákvað að tilnefna úr stjórn L.H. þrjá menn til að vinna að samningagerð við HÍS um rekstur skrifstofu Landssambandsins á næsta ári. Eftirtaldir voru tilnefndir:

Guðmundur Jónsson, Kristmundur Halldórsson og Sigfús Guðmundsson.

Pingskjall nr. 14 var tekið til umfjöllunar en þetta þingskjall fjallar um að stjórn L.H. skipi 7 manna nefnd til að kanna kosti og galla þess að sameina L.H. og HÍS í eitt landsfélag. Niðurstöður nefndarinnar liggi fyrir 1. febrúar 1993 og verði kynntar aðildarfélögum L.H. Skulu félögin taka afstöðu til málsins og skila áliti til nefndarinnar fyrir 1. júní 1993. Nefndin skili síðan framkomnum niðurstöðum til ársþings L.H. 1993.

Miklar umræður urðu um þessi má á breiðum grundvelli. Eftirtaldir menn voru tilnefndir í ofannefnda nefnd:

Guðmundur Jónsson, Kristmundur Halldórsson, Sigfús Guðmundsson, Sigurður Sæmundsson, Jón Albert Sigurbjörnsson, Jóhann Albertsson, Guðbrandur Kjartansson.

Til vara: Kolbrún Kristjánsdóttir og Sveinn Jónsson.

6. **Pingskjall nr. 11** leggur til að stjórnir L.H. og HÍS skipi fimm manna nefnd, sem fari með málefni barna og unglings innan L.H.
Nefndin skal vera unglingsfulltrúa L.H. til ráðuneytis og aðstoðar í starfi. Nokkrar umræður urðu um þetta málefni m.a. um hvernig ætti að standa að ráðningu og hvernig ætti að velja í nefndina. Frestað var að skipa í nefndina til næsta fundar.

7. **Ýmis mál.**

Formaður skýrði frá því að næsta Landsþing L.H. yrði haldið í Skagafirði 29. og 30. okt. 1993.

Fyrir liggur að boða til fundar nú á næstunni vegna næsta landsmóts hestamanna. Þar verður m.a. væntanlega ákvæðið hvaða daga mótið fer fram en það verður haldið á Suðurlandi 1994 eins og kunnugt er.

Stefnt er að því að fulltrúar stjórnar L.H. fari á fund fjárlaganefndar Alþingis nú á næstunni til þess að kynna starfsemi L.H. og óska eftir fjárstuðningi frá ríkinu eins og verið hefur undanfarin ár.

Rætt var um starfsemi Reiðskólans h.f. og Reiðhallarinnar en engar ákvarðanir teknar á fundinum um hvernig L.H. kemur inn í þennan rekstur ef af verður. Formaður kynnti bréf frá utanríkisráðuneytinu um hestakaupstefnu sem halda á 1993 í Svíþjóð.

Fleira rætt en ekki fært til bókar.

Halldór Gunnarsson
Guðbrandur Kjartansson
Marteinn Valdimarsson
Ágúst Oddsson
Sigfús Guðmundsson

Guðmundur Jónsson.
Kolbrún Kristjánsdóttir
Jón Bergsson
Kristmundur Halldórsson